



LEIÐBEININGAR UM MAT Á SAMKEPPNI

Samkeppnismat þarf að fylgja beiðni um að bjóða út innkaup í öðru ríki EES

Ákvæði í lögum um opinber innkaup um innkaup í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins

Hér á eftir verður farið yfir helstu atriði sem miðlæg innkaupstofnun verður að skoða og kortleggja til að geta sótt um heimild fyrir hönd kaupanda til að bjóða út innkaup í almennum eða lokuð útboðum í öðru EES ríki sbr. neðangreinda grein í lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup:

[18. gr. a. Innkaup í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins.

[Ráðherra] getur heimilað miðlægri innkaupastofnun að bjóða út innkaup, sem falla undir lög þessi, í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins, hvort sem er í samstarfi við erlenda kaupendur, samtök þeirra eða fulltrúa, og/eða miðlæggar innkaupastofnanir eða sér. Heimildin skal veitt fyrir hvert útboð fyrir sig að undangenginni rökstuddri beiðni stofnunarinnar. Heimildin skal því aðeins veitt að fyrir liggja að reglur Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup hafi verið leiddar í lög í viðkomandi ríki og ástæða sé til að ætla að innkaup í ríkinu muni þjóna hagkvæmni eða virkri samkeppni og öðrum lögmætum sjónarmiðum við opinber innkaup. Um innkaup sem fram fara á grundvelli heimildar sem veitt er samkvæmt þessari grein gilda reglur viðkomandi ríkis, þar á meðal um kærur, gildi innkaupsákvæðana og skaðabætur. Í rökstuðningi fyrir beiðni innkaupastofnunar skal liggja fyrir sérstakt samkeppnismat. Við móttöku beiðni innkaupastofnunar skal [ráðuneytið]¹⁾ leita eftir staðfestingu Samkeppniseftirlitsins á samkeppnismati innkaupastofnunar. Staðfesti Samkeppniseftirlitið ekki samkeppnismat innkaupastofnunar fara innkaup ekki fram samkvæmt ákvæði þessu.]

Eins og fram kemur í umsögn með lagagreininni þurfa innkaupin „að vera í samræmi við markmið laga nr. 84/2007 þar sem segir að tryggt verði jafnræði fyrirtækja við opinber innkaup, stuðlað að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efid verði nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu.“ Jafnframt er vænst þess að með slíkri heimild nái kaupandi fram stærðarhagkvæmni í samstarfi við erlenda aðila og geti með því dregið úr útgjöldum fyrir ríkissjóð.

Beiðni um innkaup í samstarfi við erlenda kaupendur - samkeppnismat

Eins og fram kemur í 18. gr. a. skal sérstakt samkeppnismat fylgja beiðni innkaupastofnunar til ráðherra um innkaup í samstarfi við erlenda kaupendur. Samkeppnismatinu þurfa einnig að fylgja fylgigögn, s.s. útboðsgögn. Í beiðninni þarf að gera grein fyrir og svara neðangreindum atriðum sem m.a. lúta að markmiði með samstarfinu og áhrifum þess:

1) Beiðni stofnunar til ráðherra/ráðuneytis

Hér skal fjalla stuttlega um fyrirhuguð innkaup og rökstyðja beiðni stofnunar um að bjóða út ákveðin og tiltekin innkaup í öðru EES ríki sem byggir á eftirfarandi atriðum 2 - 5. Hér skal enn fremur tiltaka skýringar og rök fyrir því að aðrar leiðir séu ekki tiltækar og/eða þær ekki líklegar til að skila fjárhagslegum ávinningi fyrir stofnunina.

2) Beiðnin er lögð fram á grundvelli eftirfarandi mats á samkeppni (velja skal einn eða fleiri af eftirtöldu og tiltaka skýringar):

- Samkeppnislegt aðhald
- Fákeppni
- Enginn seljandi

RÍKISKAUP



- Íslenska ríkið of lítill kaupandi
- Aðrar ástæður (tilgreina hvaða)

3) Hvaða innkaup er um að ræða:

- Vara / vörur: Lýsing á vöru(m) og CPV flokkun
- Þjónusta: Lýsing á þjónustu og „Service Category“
- Leyfisskyld vara s.s. iyf, vopn og fl.

4) Hvaða innkaupaform er áætlað að nota og í hvaða EES ríki:

- Eitt ákveðið útboð (útskýra hvers vegna þessi leið er valin og tilgreina hvaða EES ríki)
- Eitt ákveðið rammisamningsútboð (útskýra hvers vegna þessi leið er valin og tilgreina hvaða EES ríki)
- Útboð á sértækum vöruflokki ss. lögreglubúnað. Heimild tekur til þeirra útboða sem eru á vörum í þeim sértæka vöruflokki. (útskýra hvers vegna þessi leið er valin og tilgreina hvaða EES ríki)

5) Nánar um mat á samkeppnisaðstæðum.

a) Markaðsskilgreining

Hér er átt við að skilgreina þurfi viðkomandi markað á Íslandi sem innkaupin hafa áhrif á, þ.m.t. að tilgreina staðgönguvörur eða -þjónustu (þær vörur eða þjónusta sem geta komið í staðinn fyrir þá vöru eða þjónustu sem hið sameiginlega útboð tekur til, bæði hvað varðar eiginleika, verð og aðgengileika). Hægt er að taka saman lykiltríði útboðsgagna hvað þetta varðar ef þau eru fyrir hendi.

b) Hvaða fyrirtæki starfa á viðkomandi mörkuðum

Með því að skilgreina viðkomandi markað í upphafi ætti að vera auðveldara að greina hverjir starfa á viðkomandi markaði. Hér er því fjallað um þá aðila/seljendur sem starfa á markaðnum. Þennan punkt er hægt að tengja við lið nr. 2.

c) Áhrif innkaupanna á samkeppni viðkomandi markaði og á tengda markaði

Hvaða áhrif hefur það á íslenska markaðinn að bjóða innkaupin út erlendis. Til dæmis þarf að huga að því hvort útboðið muni valda auknum aðgangshindrunum að markaði, valda auknum kostnaði, fækka keppinautum eða fjölga þeim og hækka eða lækka vöruverð. Þá kann útboðið að hafa áhrif á tengda markaði og í slíkum tilvikum þarf að gera grein fyrir því. Fjárhagslegur ávinningur kaupanda og þar með ríkisins

Hér er umfjöllun um áætlaðan heildarfjárhagslegan ávinning stofnunarinnar af því að nota þessa heimild.

d) Annar ávinningur í samræmi við ástæður beiðni

Ef við á.

Þegar miðlæg innkaupastofnun óskar eftir heimild ráðuneytis til að bjóða út innkaup í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins, þarf samkeppnismat innkaupastofnunar að fylgja beiðninni. Ráðuneytið þarf staðfestingu Samkeppniseftirlitsins á samkeppnismatinu til þess að það geti heimilað innkaupin. Staðfesting Samkeppniseftirlitsins felur í sér að Samkeppniseftirlitið hafi fengið fullnægjandi samkeppnismat og telji, á grundvelli þess, að útboðið muni ekki vera skaðlegt fyrir samkeppni og þar með neytendur.